

Ár 2006, föstudaginn 5. maí, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) uppkveðinn dómur í kærumálinu nr. 9/2006:

ÍBV, handknattleiksdeild

gegn

Val

Málið dæmir Jóhannes Albert Sævarsson.

Mál þetta var höfðað með kæru sem dagsett er 12. mars 2006 sem móttekin var hjá skrifstofu HSÍ með netpósti sama dag. Málið var þingfest 27. apríl 2006 og dómtekið sama dag. Dómur er kveðinn upp í dag 5. maí 2006.

Frammi liggur dómskjal merkt nr. 1. Kæra dags. 12. mars 2006.

Dómkröfur kæranda:

Krafist er að Valur verði dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð kr. 50.000,- fyrir brot á ákvæði 3.1.9. skv. félagaskiptareglugerð HSÍ vegna fyrirspurnar um Florentinu Grecu, samningsbundinn leikmann ÍBV. Þá er þess krafist að dæmt verði að Val verði gert óheimilt að ræða við eða semja við þann leikmann á þessu ári.

Málsástæður kæranda:

Kærandi kveður forsvarsmenn Vals (eða Alla Gergijusdóttur leikmann) hafa haft samband við Florentinu Grecu, samningsbundinn leikmann hkd. ÍBV, og hafi hún fengið fyrirspurn um hvort hún væri tilbúin að leika með Val á næsta keppnistímabili.

Með þessu hafi verið brotið gegn ákvæði 3.1.9. í félagaskiptareglugerð HSÍ, en ákvæðið hljóðar þannig:

3.1.9. Forsvarsmönnum félaga er óheimilt að ræða við samningsbundna leikmenn án samþykkis frá því félagi sem leikmaðurinn er samningsbundinn við.

Ef að félag eða forsvarsmenn þess verða uppvísir að því skal sekta viðkomandi félag um kr. 50.000. Mun sú upphæð renna til útbreiðslu og fræðslumála á vegum HSÍ.

Niðurstaða dómsins:

Kæran er dagsett 12. mars 2006 og móttekin sama dag á skrifstofu HSÍ. Ekki verður séð af kærinni hvenær þeir atburðir sem leiða eiga til sektar hafi átt sér stað. Engin gögn eru lögð fram til stuðnings fullyrðingum kæranda um ætluð brot Vals á lögum og reglugerðum HSÍ, svo sem yfirlýsing frá eða skýrsla af þeim leikmanni sem rætt var við, eða önnur gögn sem nauðsynlegt þykja til að hægt verði að taka afstöðu til krafna

kærandu. Aðeins er um sönnunarfærslu vísað til fjögurra nafngreindra vitna sem gert er ráð fyrir að munu verða leidd fyrir dóminn undir aðalmeðferð málsins. Að þessu leyti er málatilbúnaði kærandu ábótavant. Án gagna til stuðnings málatilbúnaði kærandu getur varnaraðili ekki haldið upp vörnum, sbr. 5. mgr. 7. gr. reglugerðar um dómstól HSÍ um málsmeðferð. Það samrýmist ekki málsmeðferðarreglum að láta fyrst á það reyna við munnlegar skýrslutökur af vitnum fyrir dómi hvort málatilbúnaður kærandu eigi við rök að styðjast. Engin tilraun er gerð til að varpa ljósi á það hvað fór fram á milli hverra forsvarsmanna Vals og/eða Alla Gergijusdóttur leikmann Vals a.v. og nafngreinds leikmanns h.v., sem varða eigi Val refsingu í formi sektar. Málatilbúnaði kærandu er að þessu leyti ábótavant og verður því þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu frá dómi án kröfu. Sjá dóm Dómstóls HSÍ í máli nr. 3/2006 frá 27. apríl 2006.

DÓMSORÐ:

Kæru handknattleiksdeildar ÍBV dagsettri 12. mars 2006 er vísað frá dómi.

Jóhannes Albert Sævarsson